

**592. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
fimmtudaginn 2. júní 2022
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Í samræmi við 6. gr. Samþykktar um stjórn Tálknafjarðarhepps kemur sveitarstjórn Tálknafjarðarhepps saman til fyrsta fundar á nýju kjörtímabili.

Lilja Magnúsdóttir, sem er sá fulltrúi í sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn, boðaði til fundarins og setti hann. Hún óskaði fulltrúum í sveitarstjórn til hamingju með kjörið í nýja sveitarsjórn og óskaði þeim velfarnaðar í störfum sínum. Hún kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og lýsti hún þá fund 592 lögmætan.

Dagskrá:

1. Kjör oddvita og varaoddvita 2022 - 2205201

Kjör oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar til eins árs í samræmi við 7. gr. Samþykktar um stjórn Tálknafjarðarhepps.

Kallað var eftir framboðum til oddvita sveitarstjórnar og gáfu Jóhann Örn Hreiðarsson og Lilja Magnúsdóttir kost á sér.

Eftir kjör oddvita var kallað eftir framboðum til varaoddvita og gaf Jóhann Örn Hreiðarsson kost á sér.

Greidd voru atkvæði á milli frambjóðenda til oddvita og fékk Lilja Magnúsdóttir fjögur atkvæði og Jóhann Örn Hreiðarsson eitt atkvæði. Lilja Magnúsdóttir er því rétt kjörin oddviti sveitarstjórnar Tálknafjarðarhepps til eins árs.

Fyrir á fundinum fór fram atkvæðagreiðsla um oddvita sem var ekki í samræmi við samþykktir, þar sem greidd voru atkvæði með og á móti hvorum frambjóðanda og því voru atkvæði greidd að nýju eins og fram kemur hér að framan. Í þeirri atkvæðagreiðsu greiddu tveir atkvæði með Jóhanni Erni Hreiðarssyni og þrír á móti og fjórir atkvæði með Lilju Magnúsdóttur og einn á móti.

Greidd voru atkvæði um varaoddvita sveitarstjórnar og var Jóhann Örn Hreiðarsson samhljóða kjörin kjörin varaoddviti sveitarstjórnar til eins árs með fimm atkvæðum.

2. Kjör í fastanefndir til fjögurra ára - 2205202

Kjör í fastanefndir til fjögurra ára í samræmi við A-hluta 41. gr. Samþykktar um stjórn

Táknafjarðarhrepps.
Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

3. Kjör í stjórnir og samráðsnefndir - 2205203

Kjör í stjórnir og samráðsnefndir í samræmi við B-hluta 41. gr. Samþykktar um stjórn Táknafjarðarhrepps.
Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

4. Ráðning sveitarstjóra - 2205204

Ráðning sveitarstjóra í samræmi við 42. gr. Samþykktar um stjórn Táknafjarðarhrepps. Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri, vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.
*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ganga til viðræðna við Ólaf Þór Ólafsson, níverandi sveitarstjóra um áframhaldandi ráðningu sem sveitarstjóri Táknafjarðarhrepps. Oddvita, Lilju Magnúsdóttur og Jóni Inga Jónssyni falið að ræða við Ólaf.
Samþykkt samhljóða.*

5. Reglubundinn fundur sveitarstjórnar í júní 2022 - 2205205

Tillaga um að reglubundinn fundur sveitarstjórnar í júní 2022 fari fram 23.06.2022.
Samþykkt samhljóða að reglubundinn fundur sveitarstjórnar í júní 2022 samkvæmt 8. gr. Samþykktar um stjórn Táknafjarðarhrepps færist og fari fram fimmtudaginn 23.06.2022 og hefjist kl. 18:00.

6. Sumarlokun skrifstofu - 2205213

Lagt er til að skrifstofa sveitarfélagsins verði lokuð frá og með mánudeginum 18. júlí 2022 og opni aftur þriðjudaginn 9 ágúst 2022. Er þetta gert vegna sumarleyfa starfsfólks.
Samþykkt samhljóða að skrifstofa sveitarfélagsins verði lokuð frá og með mánudeginum 18. júlí 2022 og opni aftur þriðjudaginn 9 ágúst 2022.

7. Beiðni Vesturbyggðar um óformlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaga - 2112074

Mál frá 586. og 588. fundi sveitarstjórnar
Eftir umræður var samþykkt samhljóða að fresta málinu til næsta fundar.

8. Samþykkt um stjórn Táknafjarðarhrepps - 2205206

Samþykkt um stjórn Táknafjarðarhrepps lögð fram til kynningar.
Eftir umræður var samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að gera tillögu að breytingum á Samþykkt um stjórn Táknafjarðarhrepps og leggja til fyrri umræðu á næsta fundi sveitarstjórnar.

9. Landsþing og landsþingsfulltrúar - 2205118

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 06.05.2022 þar sem óskað er eftir því að sveitarfélög kjósi landsþingsfulltrúa til að sitja á landsþingum sambandsins og jafn marga til vara.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Lilja Magnúsdóttir verði aðalfulltrúi Tálknaafjarðarhrepps á landsþingum Sambands íslenskra sveitarfélaga kjörtímabilið 2022-2026 og Guðlaugur Jónsson verði varafulltrúi.

10. Kosning fulltrúa í heilbrigðisnefnd Vestfjarða - 2205169

Afrit af bréfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða dags. 13.05.2022 til Fjórðungssambands Vestfirðinga varðandi kosningu fulltrúa í heilbrigðisnefnd Vestfjarða.

Lagt fram.

11. Fjórðungsþing 67 þing - 2201004

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 02.06.2022 þar sem boðað er til 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga á kosningasumri 14.06.2022.

Lagt fram.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Guðlaug Jónsson sem fulltrúa Tálknaafjarðarhrepps í kjörnefnd fyrir Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:02.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ)